

---

## Allt að 1.200 tonna seiðaeldi á Árskógssandi, Dalvíkurbyggð Ákvörðun um matsskyldu

---

### 1 Inngangur

Þann 3. maí 2017 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Laxós ehf um fyrirhugaða seiðaeldisstöð við Árskógssand, Dalvíkurbyggð samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. tölulið 1.11 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Dalvíkurbyggðar, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunar, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra, Matvælastofnunar, Minjastofnunar Íslands, Orkustofnunar, Samgöngustofu, Umhverfisstofnunar og Vegagerðarinnar.

### 2 Gögn lögð fram

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Laxós, sjögönguseiðastöð á Árskógssandi, Eyjafirði. Tilkynning um framkvæmd skv. 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Laxós ehf, 18. apríl 2017.

Umsagnir bárust frá:

- Dalvíkurbyggð með bréfi dags. 10. maí 2017
- Fiskistofu með bréfi dags. 23. maí 2017
- Hafrannsóknastofnun með tölvubréfum dags. 15. maí 2017 og 26. júlí 2017
- Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra með bréfi dags. 16. maí 2017
- Matvælastofnun með tölvubréfi bréfi dags. 17. maí 2017
- Minjastofnun Íslands með tölvubréfi dags. 17. maí 2017
- Orkustofnun með bréfi dags. 23. maí 2017
- Samgöngustofu með tölvubréfi 11. maí 2017
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 22. maí 2017
- Vegagerðinni með bréfi dags. 16. maí 2017

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með tölvupóstum 10. , 13. , 19. , 20. , 21. , 22. og 29. maí, 5. og 13. júlí og 12., 14. og 15. ágúst 2017.

### 3 Fyrirhuguð framkvæmd

Fram kemur í gögnum framkvæmdaraðila að fyrirhugað sé að framleiða allt að 1.200 tonn af laxaseiðum á Árskógssandi. Ætlunin sé að reisa 3.200 m<sup>2</sup> skemmu á lóð nr. 31 við Öldugötu. Skemman muni meðal annars hýsa klak-, startfóðurs- og seiðaeldisdeild ásamt lager, verkstæði og starfsmannaaðstöðu. Jafnframt verði gerð landfylling við höfnina þar sem koma eigi fyrir palli með 10 lokuðum kerjum.

Í gögnum málsins kemur fram að við eldi á 1.200 tonnum af laxaseiðum þurfi um 120 l/sek af sjó og um 180 l/sek af ferskvatni. Áður en framkvæmdir hefjist verði grunnvatnsástand kannað. Fyrirhugað sé að bora eftir vatni á tveimur stöðum í nágrenni Þorvaldsdalsár. Sé ekki nægilegt vatn til staðar muni vatn verða fengið úr Þorvaldsdalsá með því að grafa niður drenlögn við ána. Komi sú staða upp muni framkvæmdaraðili fjárfesta í auknum vatnshreinsibúnaði sem muni draga úr vatnspörf og mun rennsli í ánni ráða því hve mikið vatn verði tekið úr ánni á hverjum tíma. Óháð því hvort vatn komi úr borholum eða ekki verði vatnstaka úr Þorvaldsdalsá aldrei meiri en eftirfarandi:



Vatnsrennslisáttak (lítrar á sekúndu)	Hámark vatnstöku (lítrar á sekúndu)
> 1.000	180
800-1.000	100
700-800	80
600-700	60
500-600	40
< 500	20

Fram kemur að vatnslagnir verði grafnar í jörðu, frá vatnstökustöðum að seiðaeldisstöð. Lengsta lögnin verði rúmlega 1.300 m löng. Sjór verði fenginn með því að koma fyrir sjódælubrunni undir fyrirhugaðri landfyllingu.

Fram kemur að gert sé ráð fyrir að a.m.k. 70% af eldisvökva verði endurnýttur og að 50% af úrgangsefnum verði hreinsað úr frárennslisáttaki frá stöðinni með tromlum. Úrgangurinn fari í söfnunartank. Gert sé ráð fyrir að allt að 78 tonn af lífrænum úrgangi renni í sjóinn á ári, eftir hreinsun. Frárennislögn í sjó muni liggja 20-80 m í norðaustur frá eldisstöð eða þar til sjávarbotn nær 6-8 m dýpi.

Fram kemur að landfylling verði 6.750 m<sup>2</sup> af stærð og að núverandi sjóvarnargarður verði færður norðar um allt að 45 m á um 200 m kafla. Landfylling muni þurfa um 30.000 tonn af fyllingarefni. Dælt verði upp af sjávarbotni á um 35.000 m<sup>2</sup> svæði fyrir framan höfnina og utan við ós Þorvaldsdalsár.

Fram kemur að lögn til að flytja seiði í brunnbát verði grafin eða plægð ofan í botn hafnarinnar og muni liggja að gámi á bryggju norðvestan við fyrirhugaða landfyllingu.

## 4 Umhverfisáhrif

### Vatnsöflun

Upphaflega var gert ráð fyrir að taka allt að 180 l/sek af ferskvatni úr tveimur borholum og Þorvaldsdalsá án þess þó að tilgreina hvernig skiptingu væri háttað að öðru leyti en að á þeim tíma árs sem minnst væri í ánni færi vatnstaka úr henni ekki yfir 100 l/sek. Í umsögn Hafrannsóknastofnunar kom fram að stofnunin teldi að svo mikil vatnstaka úr Þorvaldsdalsá á þeim tíma sem minnst er í ánni gæti haft alvarlegar afleiðingar á lífríki hennar. Með hliðsjón af því var það mat Hafrannsóknastofnunar að meta ætti umhverfisáhrif framkvæmdarinnar. Í kjölfarið lagði framkvæmdaraðili fram nánar útfærða áætlun um vatnstöku. Samkvæmt henni verður vatnsrennslisáttak í Þorvaldsdalsá vaktað og vatnstaka aldrei verða meiri en sem nemur 25% af rennslisáttaki árinna. Hafrannsóknastofnun veitti umsögn að nýju og í þeirri umsögn kom fram að gera mætti ráð fyrir því að 25% vatnstaka í lágrennslisáttaki myndi hafa áhrif á lífríki árinna og að full ástæða væri til þess að umhverfisáhrif framkvæmdarinnar verði metin. Framkvæmdaraðili setti þá fram nýja áætlun um vatnstöku. Það er sú áætlun um vatnstöku sem þessi ákvörðun tekur til og fjallað er um í 3. kafla að framan.

Í umsögn Orkustofnunar, sem veitt var áður en endanleg útfærsla á vatnstöku lá fyrir, kemur fram að stofnunin efist um framkvæmdaraðili geti fullnægt vatnspörf sinni með vatni úr borholum.

### Áhrif vatnstöku á rennslisáttaki og lífríki Þorvaldsdalsár

Samkvæmt greinargerð framkvæmdaraðila er fyrirhugað vatnstökusvæði vegna vatnstöku úr Þorvaldsdalsá um 1,5 km frá ósi árinna. Fram kemur að Þorvaldsdalsárfoss sé í um 1,8 km fjarlægð frá ósi árinna og að rennslismælir sé staðsettur fyrir ofan foss. Minnsta mældu rennslisáttaki á tímabilinu



frá 1. ágúst 2015 til 26. janúar 2017 hafi verið 418 l/sek. Tekið er fram að rennsli sé meira neðan mælis þar sem vatn bætist í ána.

Fram kemur að Þorvaldsdalsárfoss sé ekki fiskgengur en fyrir ofan hann sé staðbundinn bleikjustofn. Áður fyrr hafi verið sjóbleikjustofn fyrir neðan foss en hann virðist að mestu horfinn. Einstaka bleikju og urriða megi sjá fyrir neðan foss en lax hafi ekki sést í ánni um árabil. Að mati framkvæmdaraðila muni vatnstakan hafa minniháttar áhrif á vatnsrennsli en hún muni ekki hafa áhrif á fiskgengd og erfitt sé að sjá að hún geti haft neikvæð áhrif á lífríki árinna.

Í umsögnum Hafrannsóknastofnunar, sem veittar voru áður en endanleg útfærsla á vatnstöku lá fyrir, kom fram að ekki sé þekkt hvaða áhrif vatnstaka hafi á vatnsrennsli Þorvaldsár en mikilvægt sé að tryggja að það hafi ekki áhrif á lágmarksrennsli árinna. Hafi vatnstakan áhrif til mikillar minnkunar á rennsli árinna eða fari farvegur á þurrt gæti það haft alvarlegar afleiðingar fyrir lífríki árinna. Stofnunin mæli með því að gerð verði rannsókn á fiskistofnum í fiskgenga hluta árinna.

Í svari framkvæmdaraðila við umsögn Hafrannsóknastofnunar er bent á að Þorvaldsdalsá sé dragá og að í slíkum ám séu rennissveiflur miklar og að vetrarlagi þegar rennsli í ánni er hvað minnst sé hitastig vatnsins mjög lágt. Við slíkar aðstæður séu efnaskipti í frumum fiska í algjöru lágmarki og magn uppleysts súrefnis í vatninu í hámarki. Minna rennsli í ánni sé því ólíklegt til að hafa neikvæð áhrif á lífríki árinna. Framkvæmdaraðili muni halda skrá yfir rennismælingar og um vatnstöku sem aðgengileg verði eftirlitsaðilum.

### **Áhrif seiðaeldis á fiskistofna**

Í upplýsingum frá framkvæmdaraðila kemur fram að öll ker verði útbúin með fiskheldri rist með möskvum sem hindri að seiði sleppi. Jafnframt muni allt frárennsli fara í gegnum fiskhelda rist sem útiloki að fiskur í sjögönguseiðastærð berist til sjávar. Að auki muni allt frárennsli fara í gegnum tromlur sem fjarlægja korn yfir 1/1000 úr millimetra.

Í gögnum framkvæmdaraðila kemur einnig fram að ekki sé um að ræða náttúrulegan laxastofn í Þorvaldsdalsá. Sjögönguseiðum hafi verið sleppt í ána á tímabili en aðstæður henti löxum illa og því hafi lax ekki náð sér á strik í ánni.

Hafrannsóknastofnun bendir á að þrátt fyrir búnað á frárennsli sé alltaf hætt við því að lifandi fiskar sleppi frá seiðaeldisstöðvum. Reynslan hérlendis sýni að svo sé og það svæði sem um ræðir hafi ekki verið nýtt til eldis á norskum eldislaxi áður og því sé þörf á að huga sérstaklega að áhrifum á aðra fiskistofna. Hafrannsóknastofnun mælir með því að gerð verði athugun á seiðaástandi Þorvaldsdalsár og öðru lífríki ásamt töku og greiningu á erfðaefti fiska.

Í umsögn Fiskistofu segir að tryggja þurfi að frárennsli verði með þeim hætti sem lýst er í tilkynningu en það fyrirkomulag ætti að koma í veg fyrir að seiði berist lifandi með frárennsli frá stöðinni. Fiskistofa bendir á að óhöpp geti átt sér stað við dælingu seiða í brunnbát. Fiskistofa tekur undir með framkvæmdaraðila um að Þorvaldsá sé ekki mikil veiðiá og nefnir að mögulega hafi aðrar framkvæmdir, t.d. efnistaka eða skolun malarefnis í ánni í gegnum tíðina spilt skilyrðum fyrir bleikju í ánni.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að hann telji afar ólíklegt að seiði sleppi þar sem stöðin verði búin þreföldu öryggiskerfi til að koma í veg fyrir að seiði sleppi. Horft verði til norskrar sérfræðipækningar þegar kemur að endanlegri hönnun á búnaði vegna afhendingar seiða í brunnbát. Reynslan í Noregi sýni að afar sjaldgæft sé að seiði sleppi við dælingu í brunnbát enda sé um staðlaðan búnað að ræða og mannshöndin komi hvergi nálægt á meðan á afhendingu stendur. Hvað varðar rannsóknir á lífríki bendir framkvæmdaraðili á að Veiðimálastofnun hafi rannsakað seiðastofna í ánni árið 2007 og lagt mat á uppeldisskilyrði fyrir bleikjuseiði í ánni árið 2008. Rannsókn á seiðastofnum hafi falist í því að rafveitt var á nokkrum stöðum í ánni. Töluvert hafi



fundist af sjóbleikjuseiðum en einungis eitt laxaseiði. Í skýrslu Veiðimálastofnunar komi jafnframt fram að leiðni vatns í ánni og hitastig hennar geri laxaseiðum erfitt fyrir.

### **Áhrif frárennslis og efnistöku á botndýralíf og gróður**

Fram kemur í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila að við framleiðslu á 1.200 tonnum af lífmassa á ári muni um 150 tonn af lífrænum næringarefnum berast með eldisvökva til hreinsibúnaðar. Notast verði við tromlur til að sía að lágmarki 50% af lífrænum úrgangi úr frárennslisvatni. Því muni að hámarki 78 tonn af úrgangsefnum berast til sjávar frá útrás sem verði 20-80 m frá stórstraumsfjöruborði. Úrgangi úr hreinsibúnaði verði safnað í sérstakan söfnunartank sem verði tæmdur reglulega af Sorpu eða sambærilegu fyrirtæki. Tekin verði botnsýni á nokkrum stöðum þar sem frárennslí rennur úr frárennslislögn en sýnataka verði útfærð nánar við afgreiðslu starfsleyfis í samvinnu við viðkomandi stjórnvald. Gert sé ráð fyrir að sett verði upp vöktunaráætlun í samráði við Umhverfisstofnun.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að miðað við fyrirhugað magn lífrænna efna sem losað verði í viðtaka og með tilliti til áætlaðrar þynningar, telji stofnunin ekki líklegt að framkvæmdin muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Í umsögn Hafrannsóknastofnunar kemur fram að stofnunin telji að upplýsingar um staðsetningu og frágang frárennslislagna séu ekki mjög skýrar en mikill munur sé á 20 og 80 m löngum lögnum. Út frá sjónarmiði þynningar gæti verið ástæða til að athuga með mun lengri lagnir.

Í svari framkvæmdaraðila segir að endanleg lengd og staðsetning frárennslis verði ákveðin í samráði við Umhverfisstofnun í tengslum við útgáfu starfsleyfis.

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra segir að heilbrigðiseftirlitið telji að gera þurfi ítarlegri grein fyrir hreinsun frárennslis og meðferð lífræns úrgangs úr tromlum. Jafnframt þurfi að huga að hugsanlegri lyktarmengun frá söfnunartanki með tilliti til farþegaferju. Heilbrigðiseftirlitið telji að framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Í svari framkvæmdaraðila er fjallað nánar um þann búnað sem notaður verður við að hreinsa frárennslí. Þá er fjallað um meðferð úrgangs ásamt því að útskýrt er hvernig úrgangur muni berast frá tromlum í söfnunartank. Söfnunartankur verði staðsettur við austurgöng sjógönguseiðadeildar í um 100 – 150 m fjarlægð frá bílastæði farþegaferju. Tankurinn verði lokaður og lykt muni einungis vera greinanleg sé staðið nálægt tankinum. Söfnunartankur verði tæmdur með haugsugu en mögulegt er að gera samning við Sorpu eða sambærilegt fyrirtæki um að taka við úrganginum. Einnig bendir framkvæmdaraðili á að bændur nýti gjarnan úrgang úr eldisstöðvum sem lífrænan áburð.

Í gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að svæðið sem landfyllingin er fyrirhuguð á einkennist af gróðursnauðum eða gróðurlitlum sandbotni. Jafnframt hafi töluvert af jarðefnum hlaðist upp fyrir framan núverandi sjóvarnargarða á fyrirhuguðu fyllingarsvæði.

Þá kemur fram að botndýralíf hafi verið kannað á þremur stöðum út af Árskógssandi á fyrirhuguðu efnistökusvæði. Svæðið einkennist af hörðum sandbotni með mól og þara en þari minnki eftir því sem nær dregur ósum Þorvaldsdalsár. Botndýrasamfélög séu í samræmi við það sem búast megi við á svæðum þar sem harður botn liggir rétt neðan fjöru og þarabelti liggir utar. Gera megi ráð fyrir því að áþekkt samfélög séu algeng í nágrenni Árskógssands sem og víðar á landinu. Allar tegundir dýra sem fundust séu algengar á grunnsævi umhverfis landið.

Framkvæmdaraðili skiptir fyrirhuguðu efnistökusvæði í sjó í þrjú minni svæði: A, B og C. Ráðgert sé að taka allt að 18.000 tonn af fínum sandi á svæði A sem sé um 2 ha að stærð. Mól og grófur sandur verði svo ýmist tekin af svæði B eða svæði C sem bæði séu um 1,5 ha að stærð. Að mati framkvæmdaraðila feli það í sér minni neikvæð umhverfisáhrif að taka efni af svæði C en þar sé



mikil hreyfing á efni og gróður hverfi á veturna, á svæði B sé aftur á móti að finna fjölæran þagróður. Allt að 15.000 tonn af mól og grófum sandi verði því tekin af svæði C.

Í umsögn Vegagerðarinnar kemur fram að stofnunin telji að endurkast öldu og ókyrrð muni aukast lítillega vegna grjótvagnar á fyrirhugaðri landfyllingu en telji ekki líkur á að ókyrrðin fari yfir ásættanleg mörk. Stofnunin leggur til að grjótlái verði hannaður þannig að frákast öldu frá fláa verði lágmarkað.

Í svari framkvæmdaraðila segir að þess verði gætt að frákast öldu frá grjótláa verði lágmarkað og muni grjótvörn verða hönnuð í samvinnu við veitu- og hafnarvið Dalvíkurbyggðar og Vegagerðina.

### Áhrif á landnotkun og ásýnd

Í tilkynningu framkvæmdaraðila kemur fram að fyrirhugað sé að taka vatn og leggja lagnir á svæði sem skilgreint er í aðalskipulagi sem hverfisverndarsvæði vegna sérstakra landslagsgerða, jarðmyndana og stórbrotins landslags og fjölbreyttra náttúruminja. Frágangur á borholum verði þannig að sem minnst fari fyrir þeim og þær verði lítt sýnilegar. Vatnslagnir verði grafnar í jörðu og að framkvæmdum loknum verði lítil merki um jarðrask.

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra kemur fram að heilbrigðiseftirlitið telji að gera þurfi nánari grein fyrir fyrirkomulagi mannvirkja og mótvægisáðgerðum vegna hugsanlegrar sjónmengunar af völdum lausamuna á lóð við Öldugötu. Þá bendir heilbrigðiseftirlitið á að umferð til og frá sjógönguseiðadeild muni fara í gegnum bílastæði ætlað farþegum Hríseyjarferju sem geti skapað hættu fyrir gangandi vegfarendur.

Í svari framkvæmdaraðila segir að starfseminni fylgi ekki lausamunir sem geymdir verði utandyra. Bílastæði sjógönguseiðadeildar verði austan við bílastæði fyrir farþega Hríseyjarferju og gestir sjógönguseiðadeildar muni ekki þurfa að aka í gegnum síðarnefndu bílastæðin.

### Áhrif á menningarmínjar

Í umsögn Minjastofnunar Íslands kemur fram að hafa beri samráð við minjavörð Norðurlands eystra um endanlega staðsetningu vatnslagna til að koma í veg fyrir rask á fornleifum.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að svo verði gert.

## 5 Skipulag og leyfisveitingar

Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi og byggingarleyfi Dalvíkurbyggðar samkvæmt 13. gr. skipulagslaga, reglugerðar um framkvæmdaleyfi og lögum um mannvirki og byggingarreglugerð. Einnig starfsleyfi Umhverfisstofnunar samkvæmt reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, rekstrarleyfi Matvælastofnunar samkvæmt 7. gr. laga um fiskeldi, leyfi Orkustofnunar til nýtingar á grunnvatni og leyfi til nýtingar á jarðhita samkvæmt lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Efnisnám af hafsbotni utan netlaga er háð leyfi Orkustofnunar skv. lögum um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins.

Áður en framkvæmdaleyfi og byggingarleyfi eru veitt þarf að liggja fyrir staðfest breyting á Aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar 2008-2020 ásamt því að breyting þarf að hafa verið gerð á deiliskipulagi athafna-, verslunar-, þjónustu- og íbúðarsvæðis á Árskógssandi auk þess sem deiliskipulag fyrir framkvæmdir á landfyllingu þarf að hafa tekið gildi.

Skipulagsstofnun bendir á að við úrvinnslu þessarar ákvörðunar hafa komið fram atriði sem æskilegt væri að kveða sérstaklega á um í skipulagsáætlunum vegna framkvæmdarinnar. Sem dæmi má nefna frágang á athafnalóð við Öldugötu, útfærslu bílastæða við sjógönguseiðastöð með tilliti til



bílastæða vegna farþegaferju, hönnun á grjótláa landfyllingar, staðsetning söfnunartanks fyrir úrgang við sjögönguseiðadeild. Þá þarf að hafa samráð við Minjastofnun Íslands varðandi staðsetningu lagna.

Í ljósi umsagnar heilbrigðiseftirlitsins telur Skipulagsstofnun að í deiliskipulagi vegna sjögönguseiðastöðvar þurfi að gera ítarlega grein fyrir og tryggja vandaða hönnun á aðkomu að stöðinni með tilliti til bílastæða fyrir farþegaferju. Einnig að gera grein fyrir staðsetningu söfnunartanks með tilliti til ólyktar. Auk þess er tilefni til að gera grein fyrir og setja skilmála varðandi hönnun á grjótláa vegna landfyllingar með hliðsjón af athugasemd Vegagerðarinnar. Þá gefst kostur á að setja skilmála um frágang á athafnalóð við Öldugötu 31 við breytingu á deiliskipulagi þeirrar lóðar. Jafnframt minnir Skipulagsstofnun á að hafa þarf samráð við Minjastofnun Íslands vegna staðsetningu vatnslagna. Ástæða gæti verið að kveða á um það samráð í skipulagsáætlun.

## 6 Niðurstaða

Um er að ræða byggingu seiðaeldisstöðvar á Árskógssandi þar sem gert er ráð fyrir að framleiða allt að 1.200 tonn af laxaseiðum á ári. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og tölulið 1.11 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Við ákvörðun um hvort framkvæmd sem er tilkynningarskyld skuli háð umhverfismati skal Skipulagsstofnun taka mið af viðmiðum sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, sem varða eðli framkvæmdar, staðsetningu framkvæmdar og eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdar. Hér fyrir neðan er gerð grein fyrir niðurstöðu stofnunarinnar um fyrirhugaða seiðaeldisstöð á Árskógssandi að teknu tilliti til framangreindra viðmiða, byggt á framlögðum gögnum framkvæmdaraðila, umsögnum umsagnaraðila og svörum framkvæmdaraðila.

### Eðli framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal m.a. taka mið af stærð og umfangi framkvæmda, úrgangsmýndun, mengun og slyshættu sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Við hámarksframleiðslu er áætlað að stöðin losi allt að 78 tonn af lífrænum efnum í viðtaka á ári en talið er að frárennsli frá stöðinni muni þynnast út í 1.000.000 m<sup>3</sup> af sjó á sólarhring. Botndýralíf hefur ekki verið kannað þar sem affall frá stöðinni rennur út í sjó og ekki liggur fyrir vöktunaráætlun. Framkvæmdaraðili mun í samráði við Umhverfisstofnun koma á vöktunaráætlun. Jafnframt mun framkvæmdaraðili ákveða endanlega staðsetningu frárennslis í samráði við Umhverfisstofnun. Með hliðsjón af umsögn Umhverfisstofnunar telur Skipulagsstofnun að vegna þynningaráhrifa séu litlar líkur á því að næringarefni safnist upp í einhverjum mæli og litlar líkur á að áætluð losun valdi verulegum spjöllum á umhverfinu s.s. botndýralífi og gróðri sem ekki er hægt að bæta úr með mótvægisáðgerðum, til dæmis með því að færa útrás frárennslis eða fjölga útrásum. Stofnunin telur samt sem áður mikilvægt að frárennsli verði útfært á þann hátt að þynning verði sem mest og að áhrif á lífríki við frárennsli stöðvarinnar verði vöktuð í samráði við leyfisveitendur.

Skipulagsstofnun telur litlar líkur á að seiði sleppi til sjávar úr kerjum, enda verði ker útbúin með fiskheldum ristum sem hæfa stærð viðkomandi seiða, einnig verði allt frárennsli leitt í gegnum fiskheldar ristar auk þess að fara í gegnum tromlur sem fjarlægja korn yfir 1/1.000 úr millimetra.

Stofnunin telur ekki vera hægt að útiloka að óhöpp geti átt sér stað þannig að seiði sleppi við dælingu seiða í brunnbát. Unnt er að lágmarka áhættuna með því að nota þann búnað og viðhafa það verklag sem framkvæmdaraðili lýsir, þ.e. staðlaðan búnað sem er hvergi opinn nema þar sem



hann tengist lest brunnbátsins. Mikilvægt er að í starfsleyfi sé kveðið á um að notaður verði besti fánlegi búnaður við flutning seiða yfir í brunnbát og að virkt eftirlit verði haft með búnaði sem notaður verður við flutning seiða.

Þá liggur fyrir að ekki er að finna náttúrulegan laxastofn í Þorvaldsdalsá heldur hefur laxaseiðum verið sleppt reglulega í ána á tímabili en samkvæmt veiðibókum hefur ekki verið skráð veiði í ánni um árabíl, hvorki á laxi né bleikju eða urriða.

Hafa ber í huga að eldisfiskur getur synt upp í ár í hundruða kílómetra fjarlægð frá þeim stað sem hann slapp frá. Næsta þekkt laxveiðiá við fyrirhugaða eldisstöð er Fnjóska sem er í um 13 km fjarlægð í beinni loftlínu en minni laxastofna er einnig að finna í öðrum ám í Eyjafirði. Þá eru einnig þekktar laxveiðiár sem renna í Skjálfanda og Húnaflóa. Þó telur Skipulagsstofnun að þrátt fyrir að ástæða sé til að gæta fyllstu varúðar við laxeldi þá sé ekki raunhæft að vegna þeirrar framkvæmdar sem hér um ræðir verði lagt í umfangsmiklar rannsóknir á lífríki í straumvötnum í Eyjafirði og víðar.

Skipulagsstofnun telur að framkvæmdin sé ekki líkleg til að hafa umtalsverð neikvæð áhrif á aðra fiskistofna. Ræður þar einna mest að hér er um að ræða eldisstöð á landi þar sem hætta á að seiði sleppi er töluvert minni en í sjókvíaelði.

Skipulagsstofnun telur að áhrif landfyllingar og efnistöku á samfélög botndýra verði staðbundið nokkuð neikvæð en verndargildi þeirra hefur verið kannað og er niðurstaða þeirrar rannsóknar sú að um sé að ræða algengar tegundir sem finna má á grunnsævi um allt land.

### **Staðsetning framkvæmdar**

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af því hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, m.a. með tilliti til landnotkunar sem fyrir er, magns, gæða og getu til endurnýjunar náttúruauðlinda og verndarsvæða samkvæmt 2. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000.

Hvað vatnstöku varðar þá hefur Orkustofnun sett umsókn framkvæmdaraðila um leyfi til nýtingar á 120 l/s af grunnvatni í biðstöðu. Framkvæmdaraðili mun kanna frekar forsendur vatnstöku úr borholum áður en framkvæmdir hefjast í samráði við Orkustofnun og sveitarfélagið. Komi í ljós að vatn úr borholum muni ekki fullnægja vatnspörf framkvæmdaraðila verður vatn tekið úr Þorvaldsdalsá. Framkvæmdaraðili hefur sett fram áætlun um vatnstöku sem gerir ráð fyrir því að vatnsrennsli í Þorvaldsdalsá verði vaktað og vatnstöku hagað eftir rennsli í ánni en með því að endurnýta vatn muni vatnspörf seiðaeldisins verða mest 20 l/sek við lágrennsli. Að mati Skipulagsstofnunar eru boðaðar mótvægisáðgerðir við lágrennsli í Þorvaldsdalsá fullnægjandi og fyrirhuguð vatnstaka ekki líkleg til að hafa umtalsverð áhrif á lífríki árinna.

Fyrirhuguð landfylling og eldisstöð munu óumflýjanlega breyta ásýnd hafnarsvæðisins auk þess sem fyrirhugaðri uppbyggingu fylgir aukin umferð um höfnina. Mögulega mun einhver lykt fylgja söfnunartanki en frágangur á honum verður með þeim hætti að lykt ætti að vera í lágmarki. Að mati Skipulagsstofnunar falla fyrirhugaðar framkvæmdir og starfsemi vel að þeirri landnotkun sem fyrir er enda er um að ræða hafnarsvæði þar sem gera má ráð fyrir sambærilegri starfsemi sem og fiskilykt.

Hluti framkvæmda er innan svæðis sem er hverfisverndað í aðalskipulagi. Skipulagsstofnun telur þó að áhrif framkvæmdarinnar á verndarsvæði vera óveruleg þar sem einungis sé um að ræða borholur og lagnir sem grafnar verða í jörðu. Framkvæmdirnar eru því hvorki til þess fallnar að hafa neikvæð áhrif á landslag né rýra útivistargildi svæðisins.



### Ákvörðunarorð

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Laxóss ehf við tilkynningu, umsagnir og frekari upplýsingar framkvæmdaraðila. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð seiðaeldisstöð á Árskógssandi sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif með tilliti til eðlis framkvæmdarinnar, staðsetningar hennar og eiginleika hugsanlegra áhrifa hennar, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 2. október 2017.

Reykjavík, 31. ágúst 2017

Jakob Gunnarsson

Egill Þórarinnsson